



517. fundur stjórnar SASS

**haldinn hjá Eyþingi á Akureyri
föstudaginn 3. mars 2017 kl. 08:00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Níelsdóttir, Lilja Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Páll Marvin Jónsson og Sæmundur Helgason. Eggert Valur Guðmundsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar hjá Eyþingi á Akureyri.

1. Fundargerð

Fundargerð 516. fundar undirrituð.

2. Skipan í samgöngunefnd

Formaður kynnti málið og lagði til að skipuð yrði samgöngunefnd sem skilaði tillögum fyrir komandi ársþing samtakanna. Stjórn samþykkti að á næsti fundi stjórnar yrði skipuð fimm manna nefnd. Tilnefna skyldi einn fulltrúa af austur svæðinu (Hornafjörður, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur), einn af miðsvæðinu (Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur), einn frá Vestmannaeyjum og tvo af vestur svæðinu (Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus).

3. Skipan í orkunýtingarnefnd

Formaður kynnti málið og lagði til að skipuð yrði orkunýtingarnefnd sem skilaði tillögum fyrir komandi ársþing samtakanna. Stjórn samþykkti að á næsti fundi stjórnar yrði skipuð fimm manna nefnd. Tilnefna skyldi einn fulltrúa af austur svæðinu (Hornafjörður, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur), einn af miðsvæðinu (Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Ásahreppur), einn frá Vestmannaeyjum og tvo af vestur svæðinu (Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus).

4. Drög að ársreikningi SASS 2016

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti drög að ársreikningi SASS fyrir nýliðið ár. Samþykkt að vísa umræðu um ársreikningana til annarra umræðu á næsta fundi stjórnar.

5. Sóknaráætlun Suðurlands – viðbótarsamningar við samstarfsaðila

Framkvæmdastjóri lagði til að gerður yrði viðbótarsamningur við Háskólafélag Suðurlands fyrir árið 2017 að fjárhæð 5 m.kr. og sambærilegur samningur að fjárhæð 2 m.kr. yrði gerður við Markaðsstofu Suðurlands.

Starfamessan, sem er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar, verður haldin 14. mars n.k. í húsakynnum Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) á Selfossi. Sama dag fer fram vígsla Hamars, sem er nýtt verknámshús FSu.

Fyrri umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Suðurlands árið 2017 er til og með 14. mars. nk.

6. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu**a) Fundur með heilbrigðisráðherra**

Formaður fjallað um fund sem nýlega var haldinn með heilbrigðisráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins. Á fundinum var farið yfir brýn úrlausnarmál í landshlutanum s.s. fæðingarþjónustu í Vestmannaeyjum, sjúkraflug, styrkja þurfi stoðir heilsugæslunnar, aðgengi að sérfræðilæknum í heimabyggð, innviðir heilsugæslu fylgi umfangi með vaxandi ferðamannastraum, útrýma þurfi öllum tvíbýlum í landshlutanum og því neyðarástandi sem skapast hefur vegna lokunar Kumberavogs.

b) Fundur með félags- og jafnréttismálaráðherra

Formaður fjallað um fund sem nýlega var haldinn með félags- og jafnréttismálaráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins. Á fundinum var áréttuð nauðsyn þess að gerður verði fimm ára samningur um ART verkefnið á Suðurlandi.

c) Fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis í kjördæmaviku

Formaður sagði frá fundi sem nýlega var haldinn á Þingborg í Flóahreppi með þingmönnum Suðurkjördæmis en á fundinn kom einnig Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðherra.

d) Erindisbréf fyrir fyrirhugað Ungmennaráð Suðurlands

Framkvæmdastjóri kynnti erindisbréf frá starfshópi um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands. Erindisbréfið var staðfest af stjórn.

e) Austurvegur 56

Stjórn samþykkti að hafna framkomnu tilboði í fasteign samtakanna.

f) Lækkun framlaga til vegamála

Stjórn SASS lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með að dregið verði úr fjárframlögum til vegamála á landsbyggðinni.

Stjórnin furðar sig enn fremur á að samgönguáætlun, sem fjölmörgum var send til umsagnar og samþykkt var samhljóða á Alþingi í október 2016, skuli meðhöndluð sem alger markleysa. Hvað varð um samráðið og samtalið sem sífellt er boðað?



Stjórn SASS telur að ráðherra og ríkisstjórn fari fram í fullkomnu heimildarleysi með breytingu á forgangs röðun samgönguáætlunar án þinglegrar meðferðar.

Við þetta munu Sunnlendingar ekki una.

Næsti fundur verður haldinn í Flóahreppi 6. apríl nk.

Fundi slitið kl. 10:00.

Gunnar Þorgeirsson
Lilja Einarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Eva Björk Harðardóttir
Sæmundur Helgason
Anna Björg Níelsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Bjarni Guðmundsson